

Erindi til skipulags- og mannvirkjanefndar - Lóð við Fjarðarstræti 32 í fóstur

Til : Heiða Hrund Jack;Helga Þuríður Magnúsdóttir
Frá : Björgvin Hilmarsson <bjorgvin@retro.is>
CC : Satu Rämö <satu@retro.is>
Heiti : Erindi til skipulags- og mannvirkjanefndar - Lóð við Fjarðarstræti 32 í fóstur
Málsnúmer : 2020060043
Málsaðili : Björgvin Hilmarsson
Skráð dags : 12.06.2020 12:06:04
Höfundur : Björgvin Hilmarsson <bjorgvin@retro.is>

Viðhengi [f32-aerial-0185.jpg](#)[f32-aerial-0185.jpg](#)
[f32-aerial-0185-lines.jpg](#)[f32-aerial-0185-lines.jpg](#)

Góðan dag,

Skv. Þjóðskrá er eignarlóð skilgreind undir og við Fjarðarstræti 32, 152 fm. Á meðfylgjandi mynd er hún sýnd (nokkurn vegin) með rauðri línu. Lóð í rækt sem nýtt hefur verið með þessari eign í gegnum tíðina er nokkuð stærri (heil gul lína). Þetta sést einnig vel á gömlum myndum, vel mótar fyrir lóð í rækt. Svipaður blettur hefur verið nýttur með Fjarðarstræti 32a. Það er því löng hefð fyrir því að lóð sem nýtt hefur verið með húsinu sé stærri en sem nemur formlega skráðum lóðum.

En þar sem þetta er ekki skráð opinberlega viljum við sækja um að fá formlega að taka blettinn í fóstur svo hægt sé að sinna honum og gera snyrtilegan en umhirðu hefur greinilega verið ábótavant allra síðustu árin.

Gul brotin lína gerir ráð fyrir því að við höfum bílastæði við húsið auk þess að stækka blettinn aðeins til austurs til samræmis.

Við viljum hér með sækja um að fá að taka það svæði sem er merkt með gulum línunum (heilum og brotnum) í fóstur og munum þá sinna þeim, halda snyrtilegum og að öllu öðru leyti rækja þær skyldur sem fylgja því að vera með lóð í fóstur.

Meðfylgjandi eru tvær útgáfur af sömu loftmyndinni, með og án teiknaðra lína.

Takk fyrir kærlega.

Kv.

Björgvin Hilmarsson og Satu Rämö
(Ísafjörður, 12. júní 2020)